

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 26. janúar 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Þriggja ára áætlun

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árin 2012 – 2014. Í áætluninni er gert ráð fyrir hægum vexti tekna og gjalda út áætlunartímamann. Í áætluðum ársreikningi fyrir umrædd ár er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu. Ekki er gert ráð fyrir skuldaaukningu á tímabilinu en árlegar fjárfestingar eru áætlaðar um 40 milljónir.

Áætlunin var samþykkt.

2. Sorphirðing og eyðing

a. Minnisblað um sorpeyðingu.

Í minnisblaðinu er fjallað um breytt fyrirkomulag sorpmóttöku og eyðingar og fjallað um hvort og hvernig eigi að móta gjaldskrá fyrir sorpeyðingu fyrir rekstraraðila. Mikil umræða varð um breytt fyrirkomulag og gjaldskrá á gámastæði. Tillaga að gjaldskrá var samþykkt.

b. Breytingar á samningi um sorphirðu

Fyrir fundinum lá viðauki við verksamning milli sveitarfélagsins og Sorphreinsunar VH vegna aukinnar akstursfjarlægðar að urðunarstað. Viðaukinn var samþykktur með fyrirvara um upplýsingar sem sveitarstjóra var falið að kanna nánar.

3. Tillaga að samþykkt um umgengni og þrifnað

Fyrir fundinum lá samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss í sveitarfélaginu. Fyrirliggjandi tillaga var samþykkt og að vísa málinu til heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

4. Byggðakvóti, tillaga að skilyrðum fyrir úthlutun

Fyrir fundinum lá bréf til sjávarútvegsráðuneytisins þar sem gerð er tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu.

Péturína og Jensína lýstu vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna vensla við útgerðaraðila og viku af fundi. Efni bréfsins var samþykkt án athugasemda

5. Reglur um stuðning við nemendur í framhaldsnámi

Fyrir fundinum lágu reglur um stuðning við nemendur í framhaldsnámi og upplýsingar um fjárhæð styrkja á síðasta ári.

Samþykkt að fjárhæð styrkja á árinu 2011 verði 20.000 kr./nemanda eins og sl. ár og að úthlutunarreglur verði óbreyttar.

Umræður urðu um akstur framhaldsskólanemenda í FNV.

6. Bréf:

a. Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 15. desember 2010

Með bréfinu óskar lánsjóðurinn eftir heimild til birtingar upplýsinga um stöðu lána sveitarfélagsins hjá lánsjóðnum.

Svohljóðandi bókun var gerð:

„Með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki veitir sveitarstjórn Skagastrandar Lánasjóði sveitarfélaga heimild til að miðla upplýsingum um lán félagsins hjá lánsjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.“

b. Varasjóðs húsnæðismála, dags. 21. desember 2010

Í bréfinu er gerð grein fyrir samkomulagi um verkefni varasjóðsins. Þar kemur m.a. fram að áætlað er að verja 50 millj. króna til greiðslu sölufamlaga á árunum 2010-2011 til að greiða mismun á markaðsverði og innlausnarverði félagslegra íbúða. Einnig kemur fram að ekki er gert ráð fyrir greiðslum vegna rekstrarfamlaga á tímabilinu.

Bréfið var til kynningar.

c. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 30. desember 2010

Með bréfinu er tilkynnt um að innanríkisráðuneytið hafi tekið til starfa og gerð grein fyrir starfsemi þess og innri uppbyggingu.

Bréfið var til kynningar.

d. Velferðarráðuneytisins, dags. 3. janúar 2011

Í bréfinu er fjallað um skyldur félagsþjónusta sveitarfélaga um að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og gerð grein fyrir tekjuviðmiði framfærslu lífeyrisþega og hverjar atvinnuleysisbætur eru.

Með bréfinu beinir velferðarráðherra þeim tilmælum til sveitarstjórna að þær tryggi að einstaklingar hafi að lágmarki sambærilega fjárhæð og atvinnuleysisbætur til framfærslu á mánuði.

Bréfið var til kynningar og efni þess vísað til stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

7. Fundargerðir

a. Fræðslunefndar, 19.01.2011

Fundargerðin var samþykkt

b. Stjórnar SSNV, 11.01.2011

Fundargerðin var til kynningar.

c. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 11.01.2011

Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

Almennar umræður urðu um ýmis málefni sem varða sveitarfélagið og byggðin.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10⁵⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Magnús B. Jónsson